

STURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir
Veiðifélag
Víkurár

VÍKURÁ


NIÐURSTÖÐUR HREISTURSRANNSÓKNA Á LAXI 1986

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87013



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

rgarnesi, mars 1987

VMST-V/87013

413

NÍÐURSTÖÐUR HREISTURSRANNSÖKNA Á
LAXI ÚR VÍKURA 1986

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá niðurstöðum athugana á hreisturssýnum af laxi sem bárust úr laxveiðinni í Víkurá 1986. Rannsóknir á laxahreistri veita vitneskju um aldur fiskanna og þá árganga sem veiðast hverju sinni. Ef hreisturssýna er aflað árlega yfir langt tímabil, geta rannsóknir á aldurssamsetningu veitt dýrmætar líffræðilegar upplýsingar m.a. um stofnsveiflur. Stundum er einnig hægt að greina fiska sem upprunnir eru úr sleppingum eftir hreistursmynstri.

2. ADFERÐIR

Hreistur var athugað af 87 lögum sem veiddir voru á tímabilinu frá 2. júlí - 8. september 1986. Alls reyndist unnt að aldursgreina 81 fisk eða 93.1% sýnanna. Veiðidagar, lengd, þyngd og kyn var skráð fyrir flesta fiskana.

3. NÍÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

3.1 SJAVARÐVOL

Smálax (eins árs úr sjó) var uppistaða aflans og reyndist 64.2% af sýnunum, en stórlax (tveggja ára úr sjó) 35.8% af sýnunum (Tafla 1). Hængar voru í meiri hluta af smálaxi, en hrygnur í meiri hluta tveggja ára fisks. Allir laxarnir voru að koma í fyrsta sinn til hrygningar.

3.2 FERSKVATNSDVOL

Aldur laxanna í ferskvatni var allt frá 2-6 ár (Tafla 1), en stærsti hluti þeirra hafði dvalið 4 og 5 ár í ánni áður en þeir héldu til sjávar. Vöxtur er því hægur í ánni og er svipaður og í nærliggjandi ám t.d. Laxá í Hrútafirði. Margir laxanna sýndu þau ummerki í hreistri að góður vöxtur var fyrsta árið í ánni. Slíkt bendir oft til að þá sé um sleppiseiði að ræða, því þau eru að jafnaði stærri en jafnaldra náttúruleg seiði við sleppingu. Ýtarlegri gögn þurfa þó að liggja fyrir, t.d. með athugun á seiðahreistri í ánni til að unnt sé að aðgreina fiska af sleppiuppruna frá náttúrulegum fiski.

3.3 ARGANGAR

Meiri hluti laxanna reyndist af árgangi 1980 eða tæp 73% af sýnunum (Tafla 2). Næststærsti árgangurinn var frá 1981 (18.6%) en aðrir lögðu minna til. Svipaðar niðurstöður hafa fengist úr nærliggjandi ám t.d. Laxá í Hrútafirði og Hrútafjarðará, en þar hefur árgangurinn frá 1980 verið uppistaða veiðinnar síðastliðin 2 ár.

4. FREKARI RANNSÖKNIR

Æskilegt væri að söfnun hreisturs færi fram árlega í Vikurá. Er frá líður geta þær upplýsingar gefið góðar upplýsingar um ástand laxastofnsins í ánni og hjálpað til við skilning á stofnsveiflum. Einnig væri nauðsynlegt að seiðaathugun færi fram í ánni til að athuga styrkleika árganga sem nú eru í ánni, en slíkt er m.a. forsenda þess að hægt sé að gera sér grein fyrir þróun laxveiðinnar næstu ár.

TÍLLAGA

FJÖLDUR LAXA EFTIR KLASSINGUM SAMKYMPT
ÖSKNINGUM HREISTORSTOFA AÐ LAXI OG VIKURÁ 1988

ÖSKNINGUR	FJÖLDUR	FJÖLDUR
1984	1	1
1985	50	50
1986	10	10
1987	5	5
1988	1	1
1989	61	130

TAFLA 1

ALDURSSAMSETNING OG KYNJAHLUTFALL LAXA SAMKVÆMT
GREININGU HREISTURSSYNA UR VIKURA 1986
(OK=OKYNGREINT)

ALDUR Í FERSK- VATNI	ALDUR Í SJO								FJOLDI N	FJOLDI %
	1 AR				2 AR					
	HÆ	HR	OK	ALLS	HÆ	HR	OK	ALLS		
2	1	0	0	1	0	0	0	0	1	1.2
3	4	0	1	5	0	3	0	3	8	9.9
4	6	5	1	12	10	16	0	26	38	46.9
5	17	14	2	33	0	0	0	0	33	40.8
<u>6</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>1.2</u>
FJOLDI(N)	29	19	4	52	10	19	0	29	81	
FJOLDI(%)		64.2				35.8				100.0

TAFLA 2

FJOLDI LAXA EFTIR KLAKARGANGI SAMKVÆMT
GREININGU HREISTURSSYNA AF LAXI UR VIKURA 1986

<u>ARGANGUR</u>	FJOLDI N	FJOLDI %
1979	1	1.2
1980	59	72.8
1981	15	18.6
1982	5	6.2
<u>1983</u>	<u>1</u>	<u>1.2</u>
ALLS	81	100.0